



1, 4.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON  
RITSTJÓRI.

MARZ 1906

### Notið tímann vel.

#### II.

Eg var síðast að tala við ykkur um það, hvað tíminn væri dýrmætur. Og hvað *naudsynlegt* það er fyrir ykkur að nota hann vel.

Nú ætla eg að tala við ykkur um það, *hvernig* þið eigið að nota tímann vel. Og eg ætla að biðja ykkur að taka eftir og hugsa um það, sem eg segi ykkur, og líka að *gera* það. Munið það.

Eg byrja þá á því að spyrja ykkur að einu. Eg veit, að þið brosið að mér, þegar þið heyrið það. En það gerir ekkert til. Það er saklaust, börn. Og mér þykir gaman að ykkur, þegar þið brosið sakleysislega. Þið verðið svo falleg, þegar sakleysis-brosið leikur á andlitunum á ykkur.

En það var spurningin. Þið viljið fá að heyra hana. Þetta er spurningin: *Éruð þið fljót að klæða ykkur?*

Þið eigið að flýta ykkur að klæða ykkur og læra að verða fljót að því.

Það er ljótt að sjá, börn vera lengi að klæða sig. Þau hanga við það sum. Það er eins og þau varla viti, hvort þau eigi að gera það. Taka eina spjör, og fleygja henni svo aftur. Taka svo aðra, horfa á hana, snúa henni á alla vegu, eins og þau sé að hugsa um, hvort þau eigi að fara í hana að ofan eða að neðan, eða hvort hún heyri neðra partinum til eða efra partin-